

Um bekkjar- og áfangakerfi

Áfangakerfi – helstu einkenni

- Skólaárið skiptist í tvær annir.
- Hvorri önn lýkur með jafn mikilvægum prófum.
- Náminu er skipt niður í áfanga sem merktir eru með bók- og tölustöfum t.d. ísl. 102 eða danska 303.
- Fyrir hvern áfanga fær nemandinn ákveðinn fjölda eininga ef hann nær skilgreindu lágmarki (síðasti tölustafurinn í nafni áfanga segir til um hve margar einingar hann gefur).
Einingum er safnað saman þar til stúdentsprófi er náð.
- Á bóknámsbrautum eru nú 140 einingar sem skiptast í: kjarna (98 einingar), kjörsvið (30 einingar) og frjálst val (12 einingar).
- Hverri námsbraut fylgja skylduáfangar eða kjarni en síðan velja nemendur sér áfanga sem geta bæði verið bundnir námsbrautinni og/eða af öðrum námsbrautum.
- Námshraði er mismunandi og því hægt að ljúka prófi eftir mislangan námstíma.
- Hægt er að halda áfram í þeim greinum þar sem lágmarki er náð en taka aftur þá áfanga sem nemandinn stóðst ekki.
- Möguleiki er að ljúka námi á fleiri en einni braut.

Bekkjarkerfi

- Nemendum er skipt í bekki sem fylgjast að allan veturinn.
- Námsgreinar eru heils vetrar og ákveðnar fyrir fram.
- Fyrsta árið er nær eins hjá öllum nemendum en aðgreinist síðan eftir brautarvali nemenda.
- Nemendur verða að standast ákveðin viðmið í einkunn að vori til að fá að halda áfram næsta skólaár eða taka endurtökupróf.
- Lokapróf í hverri grein er stúdentspróf.
- Námstími er sá sami hjá öllum nemendum, þrjú til fjögur ár.